

Erindisbréf starfshóps vegna viðburðastefnu Reykjavíkurborgar

Ábyrgðarmaður:

Arna Schram, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs

Hlutverk starfshóps:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að gera tillögu að heildstæðri stefnu um hátíðir og viðburði í Reykjavík jafnt í byggingum og borgarrýmum. Viðburðastefnu er ætlað að tilgreina markmið og vilja borgarinnar með viðburða- og hátíðahaldi og gera allt samtal viðburðahaldara og annarra hagsmunaaðila við borgina aðgengilegra, einfaldara og skýrara. Einnig skal starfshópurinn greina og ef nauðsynlegt þykir hanna ferla fyrir umsóknir um viðburðahald milli sviða og deilda borgarinnar þannig að regluverkið tali betur saman og afgreiðsla leyfa verði skýrari og einfaldari. Starfshópurinn skal taka mið að því að jafnvægi verði í viðburðahaldi með hliðsjón af árstíðum og hverfum.

Helstu verkefni:

- Að taka saman yfirlit yfir hátíðir/viðburði í borginni.
- Að kortleggja hátíðasvæði borgarinnar utan- og innandyra.
- Að leggja til notkun á nýjum viðeigandi svæðum, ekki minnst utan miðborgarsvæðis.
- Að leggja til verklag fyrir afgreiðslu umsókna og leyfisveitingu þar sem að koma fulltrúar frá viðeigandi sviðum Reykjavíkurborgar.
- Að hvetja til aukins samtals milli sviða borgarinnar og við hátíða- og viðburðahaldara.
- Að leggja til verðlista fyrir afnot af borgarlandi.
- Að skapa tækifæri til þátttöku íbúa.

Fulltrúar í starfshópi

Sif Gunnarsdóttir MOF, formaður hópsins

Sæunn Ósk Unnsteinsdóttir, Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Björg Jónsdóttir MOF

Ómar Einarsson ÍTR

Arnar Hjaltested USK

Edda Ívarsdóttir USK

Ráðgjöf/samstarf

Við gerð stefnunnar skal haft samráð við hagsmunaaðila, en þar að auki getur starfshópurinn leitað ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu, t.am. Sigrúnar Tryggvadóttur USK, fulltrúa SEA og fulltrúa ÍBR.

Efni til hliðsjónar

Í vinnu sinni hefur starfshópurinn til hliðsjónar menningarstefnu borgarinnar og aðrar stefnur sem snerta málefnið, svo sem mannréttindastefnu og umhverfisstefnu umhverfis- og skipulagssviðs.

Starfstímabil

Til loka september 2019. Skál starfshópurinn þá vera kominn með tillögu að viðburðarstefnu fyrir borgina. Í framhaldinu fer tillagan í umsagnarferli innan borgarinnar, þar á meðal hjá menningar-, íþróttá – og tómsundaráði.

DRÖG